

KIRKJUGARÐARÁÐ

89. fundur haldinn 18. ágúst 2011 í húsakynnum Kirkjugarða Akureyrar á Akureyri.

Mætt voru: Ragnhildur Benediksdóttir, Þórsteinn Ragnarsson, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Sigurgeir Skúlason. Kristín Huld Sigurðardóttir boðaði forföll. Ragnhildur ritaði fundargerð.

1. Setning fundar

Formaður setti fund. Þessi fundur er haldinn á Akureyri og þar sem Kirkjugarðaráð heimsækir ýmsa kirkjugarða í prófastsdæminu, sjá síðar. Farið var yfir ferðaáætlun dagsins.

2. Skálmarnesmúlakirkjugarður – fyrirspurn vegna grafartöku

Erindi hefur borist frá Gesti Rafnssyni sóknarnefndarmanni í Patreksfjarðasókn vegna Skálmarnesmúlakirkjugarðs. Kirkjugarðurinn er ekki formlega niðurlagður en sóknin aflögð og fær engar umhirðutekjur samkvæmt gjaldalíkani. Kirkjugarðsstjórn Patreksfjarðar var beðinn af prófasti Vestfjarðaprófastsdæmis að láta taka gröf í garðinum. Nú hefur borist reikningur frá gröfumanni. Kirkjugarðurinn hefur þegar greitt hluta reiknings, þ.e. grafargjaldið sem garðurinn fékk, en óskar eftir því að Kirkjugarðasjóður komi til móts við kirkjugarðinn hvað varðar greiðslu eftirstöðva reikningsins. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið.

3. Ákvörðun fundatíma í vetur

Ákveðið var að halda fund annan mánudag í mánuði hverjum kl. 13:00 nema úthlutunarfund. Þá hefst fundur að morgni.

4. Önnur mál

Þórsteinn skýrði frá því að hann hefði verið á fundi með embættismönnum innanríkisráðuneytisins, þeim Ragnhildi Hjaltadóttur, ráðuneytisstjóra, Hermanni Sæmundssyni, skrifstofustjóra og Oddi Einarssyni, fjármálastjóra og hafi kirkjugarðafrumvarpið verið til umræðu, þ.e. hluti þess sem fjallar um heimild til töku geymslugjalds vegna líkhúsa. Nú er ekki heimilt að innheimta líkhúsgjald, þar sem lagaheimild skortir. Framgangur frumvarpsins hefur strandað á þessu máli og mun Hermann nú gera tillögur til breytinga á frumvarpinu og munu þær verða sendar Kirkjugarðaráði til umsagnar. Embættismennirnir töldu möguleika á því að koma frumvarpinu inn á þingið í haust og hugsanlegt væri að veitt yrði heimild til töku geymslugjalds vegna líkhúsa, en ekki kæmi til greina að hækka fjárveitingar til kirkjugarða. Ráðherra hafi í hyggju að skipa nefnd til að reikna út hvert er eðlilegt gjald fyrir þessa þjónustu.

Þórsteinn kvað Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma neyðast til að hætta þessari þjónustu ef ekki fengist heimild til töku geymslugjaldsins.

Einnig var á fundinum rætt um skýrslu Capacent og hafa embættismenn ráðuneytisins lofað fundi með fulltrúum KGSÍ til að ræða úttekt Capacent á samningi ríkisins og Kirkjugarðaráðs vegna greiðslna til kirkjugarða.

5. Kynning framkvæmda hjá Kirkjugörðum Akureyrar

Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarða Akureyrar gerði fundarmönnum grein fyrir breytingum þeim sem verið er að gera á húsnæði starfseminnar og gengu fundarmenn um húsakynnin og skoðuðu framkvæmdirnar.

Kl. 11 var haldið af stað í skoðunarferðina og voru eftirfarandi kirkjugarðar heimsóttir:

Kirkjugarðar Siglufjarðar.

Kirkjugarður Ólafsfjarðar.

Kirkjugarðar Dalvíkurprestakalls, þ.e. á Dalvík, Tjörn, Urðum og Völlum

Kirkjugarðurinn á Þóroddsstöðum.

Laufás – kirkjugarðurinn skoðaður og hádegismatur borðaður.

Kirkjugarðurinn á Svalbarði á Svalbarðsströnd heimsóttur.

Fundi slitið föstudaginn 19. ágúst kl. 15:00.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður og ritari